

## Auglýsing um framlög til verkefna á sviði almenningssamgangna

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra auglýsir eftir umsóknum um framlög sem veitt eru á grundvelli stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2018-2024 vegna verkefna sem tengjast aðgerð A.10 *Almenningssamgöngur um land allt*. Markmiðið er að styðja við þróun almenningssamgangna, sérstaklega út frá byggðalegum sjónarmiðum.

Til ráðstöfunar verða allt að 30 m.kr. Styrkuppþæð getur numið allt að 80% af heildarkostnaði við verkefni og miða skal við að verkefnum verði lokið fyrir árslok 2022.

Styrkhæf verkefni geta verið tengd:

- Þjónustu. Verkefni sem snúast um að samþætta almenningssamgöngur annarri þjónustu eða breytingum á rekstrarformi, s.s. deililausnum og samflutningum.
- Markaðsmálum. Markaðsáttak sem miðar að því að bæta nýtingu á núverandi þjónustu. Getur verið í ýmsu formi og beinst að mismunandi hópum.
- Rannsóknnum og þróun. Verkefni sem miða t.d. að nýsköpun í þjónustu.

Veitt verða framlög til verkefna:

- Sem nýtast einstökum svæðum, s.s. vinnu- og skólasóknarsvæðum.
- Sem nýtast landshlutanum í heild.
- Sem nýtast landinu öllu.

Við forgangsröðun umsókna verður litið til verkefna sem styðja við:

- [Ferðumst saman](#). Heildarstefnu í almenningssamgöngum milli byggða.
- Byggðasjónarmið og áherslur sem fram koma í [stefnumótandi byggðaáætlun](#).
- Önnur atriði sem skipta máli við mat á aðstæðum viðkomandi svæðis eða landshluta.

Í umsókn skal umsækjandi meðal annars lýsa með greinargóðum hætti markmiðum verkefnis, áætlun um framkvæmd þess og tíma- og kostnaðaráætlun. Þá skal koma fram mat á væntum áhrifum verkefnisins m.t.t. aðgengis íbúa, notkunar þjónustunnar eða annarra þátta sem stuðla að bættum almenningssamgöngum.

Njóti umsækjandi annarra styrkja eða framlag vegna verkefnisins skal hann gera grein fyrir því í umsókn.

**Umsóknir þurfa að berast í gegnum rafrænt umsóknarform Byggðastofnunar fyrir miðnætti föstudaginn 10. september 2021.**

Þriggja manna valnefnd gerir tillögur til ráðherra um veitingu framlaga til verkefna á grundvelli úthlutunarskilmála og reglna um úthlutun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra á framlögum sem veitt eru á grundvelli byggðaáætlunar. Áætlað er að niðurstöður ráðherra liggi fyrir í lok september 2021.

Byggðastofnun annast fyrir hönd ráðuneytisins samningsgerð við styrkþega, umsýslu með greiðslum og eftirlit með framkvæmd verkefnis.

Nánari upplýsingar veitir Árni Freyr Stefánsson, sérfræðingur í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu.